



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

621. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 19. janúar 2026
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmiðsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmiðsdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Kynning og umræður um stöðu mála varðandi fyrirkomulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og starfsemi nýs félags, Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. Fyrirliggjandi er tímalína hvað varðar stofnun nýs félags og flutning verkefna til þess auk minnisblaðs lögfræðings SSH um framvindu einstakra verkþátta.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Niðurstaða:

Umræður. Skrifstofu SSH er falið að boða til fundar Stefnuráðs byggðasamlaganna til kynningar og yfirferðar málsins. Slíkar kynningar fari einnig fram fyrir borgar- og bæjarráðum sé þess óskað.

2. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Á vettvangi stjórnar Betri samgangna ohf. hefur komið fram tillaga um stofnun ráðgjafahóps varðandi veghaldara (sveitarfélaganna og ríkisins) sem myndi starfa með Betri samgöngum við að meta mismunandi útfærslur með viðhald og rekstur til framtíðar í huga. Framkvæmdastjóri kynnir.

Jafnframt er fyrirliggjandi sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf., um stöðu og framgang verkefna dags. desember 2025, sbr. h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans. Skýrslan hefur þegar verið send aðildarsveitarfélagunum til kynningar.

Niðurstaða:

Umræður. Stjórn samþykkir stofnun slíks ráðgjafarhóps og er framkvæmdastjóra falið að kalla eftir tilnefningum vegna hans.

3. Sóknaráætlun 2025-2029 - 2312007



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi er tölvupóstur innviðaráðuneytisins dags. 22. desember 2025 þar sem tilkynnt er um skiptingu framlaga til sóknaráætlana landshluta árið 2026 ásamt fylgiskjöllum.

Einnig er fyrirliggjandi er tölvupóstur innviðaráðuneytisins dags. 13. janúar 2026 varðandi viðbótarframlag á árinu 2026.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

4. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 433. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 17. desember 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:41.